

# Námskrá fyrir 3. bekk

Öll kennsla grundvallast á stefnumörkun í  
*Aðalnámskrá grunnskóla*

## Íslenska

### Meginmarkmið

Að auka hæfni nemenda á sem flestum sviðum íslenskunnar með því að þeir nái valdi á frumpáttum hennar, töluðu máli, hlustun, lestri, ritun og skrift og rækti með sér virðingu fyrir málinu. Unnið er með þróunarverkefnið *Byrjendalæsi*.

### Námsmat

Lestrarhraði og lesskilningur kannaður tvisvar til þrisvar sinnum yfir veturinn. Skriftar-, sögu- og vinnubækur eru metnar reglulega. Lögð er áhersla á að nemendur sýni vandvirkni og nákvæmni í vinnubrögðum.

### Lestrarstefna Fossvogsskóla – 3.bekkur

#### Áherslur í kennslu

Í 3. bekk er lögð áhersla á að auka almenna lestrarfærni. Með fjölbreyttum kennsluaðferðum er lesskilningur eflur og unnið er jafnhliða með lestur og ritun. *Byrjendalæsi* er sú aðferð sem lögð er til grundvallar. Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að koma til móts við þarfir hvers og eins og að nemendur fái verkefni við hæfi. Hver kennari skipuleggur lestrarkennsluna að hausti og gerir foreldrum grein fyrir fyrirhugaðri framvindu lestrarnámsins.

#### Hlutverk heimilis

Mikilvægt er að foreldrar taki þátt í lestrarnámi barna sinna, lesi fyrir barnið og ræði innihald textans, vinni með barninu að minnsta kosti 15 mínútur á dag og að efnið miðist við getu og þroska hvers og eins.

### Námsmat

#### Orðarún

Lesskilningspróf sem umsjónarkennari leggur fyrir í janúar og maí.

#### Raddlestrarpróf

Allir nemendur taka raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu þ.e. í

september, janúar og apríl. Almennt viðmið er 110 – 170 atkvæði á mínútu að vori og innan við 5% villur.

## **Leið til læsis**

Stutt eftirfyllgnipróf sem gerir kennurum kleift að fylgjast með framgangi lestrarnámsins.

## **Stafsetningarpróf**

Aston Index er stafsetning stakra orða eftir upplestri. Þau sýna hvaða nemendur eiga við sértæka réttitunarerfiðleika að stríða. Umsjónarkennari/ sérkennari leggur prófið fyrir í október og les úr niðurstöðum. Í apríl er prófið lagt aftur fyrir þá nemendur sem eru í áhættuhópi.

## **Lestur**

### **Markmið**

Að nemendur

- verði læsir og auki lestrarfærni sína, bæði hraða og skilning
- þjálfist í að lesa fjölbreyttan texta
- þjálfist í að nota mismunandi áherslur eftir efni texta

### **Efnisþættir/leiðir**

Nemendur lesa fyrir kennara einu sinni eða tvisvar í viku. Þeir sem lengra eru komnir í lestri velja sér sjálfir lestrarbók á bókasafni. Að minnsta kosti þrisvar sinnum í viku er yndislestur þar sem nemendur lesa í hljóði. Nemendur lesa einnig mismunandi texta upphátt hverjir fyrir aðra s.s. ljóð, sögur og leikrit. Sumum lestrarbókum fylgja vinnubækur.

### **Námsefni**

Ýmsar lestrarbækur eftir getu hvers og eins, samlestrarbækur sem kennari velur, vinnubækur í samráði við kennara.

## **Ritun**

### **Markmið**

Að nemendur

- dragi rétt til stafs og temji sér að nota þá skriftargerð sem þeim hefur verið kennd
- leggi sig fram um að skrifa vel og vanda allan frágang
- þjálfist í að gera skipulega grein fyrir kunnáttu sinni og skoðunum í rituðu máli

og rökstyðji mál sitt

- fái tækifæri til að nota ímyndunaraflið í frjálsri ljóða- og sögugerð
- læri að vinna með ljóð á fjölbreyttan hátt
- skrái frásagnir um atburði úr eigin lífi
- læri nokkrar einfaldar stafsetningarreglur, svo sem um stóran staf á eftir punkti og að aldrei er stór stafur inni í orðum
- skrifi texta rétt eftir bókum og upplestri.

## **Efnisþættir**

Ritunarefni eru valin af kennurum í tengslum við viðfangsefni í íslensku, samfélags- eða náttúrufræði, verkefni í vinnubókum eða frumsamið efni nemenda. Stafsetningarþátturinn er þjálfaður sérstaklega og er þá lögð áhersla á að þjálfja sjónminni m.a. með sóknarskrift og einnig skrifa nemendur upp ljóð eða orðréttan texta úr bók.

## **Námsefni**

Efni valið af kennurum í tengslum við viðfangsefni í samfélags- eða náttúrufræði, ritunarverkefni í vinnubókum eða frumsamið efni nemenda.

## **Leiðir**

Nemendur skrifa sögur eftir eigin vali eða eftir efni sem kennari ákveður og lesa hver fyrir annan.

## **Bókmenntir**

### **Markmið**

Að nemendur

- læri nokkrar þekktar vísur og ljóð til söngs og annars munnlegs flutnings
- kynnist sögum, þjóðsögum, ævintýrum, dæmisögum og skopsögum
- kynnist verkum valinna íslenskra rithöfunda
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem þeir hafa hlustað á
- fái tækifæri til að lesa sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga.

## **Efnisþættir**

Kynntir verða valdir höfundar og nokkur verk þeirra. Einnig er fjallað um og unnið með nokkrar íslenskar þjóðsögur, ljóð og þulur.

## **Leiðir**

Kennari les valdar sögur, nemendur gera útdrátt munnlega eða skriflega. Nemendur læra texta og syngja eða flytja.

## **Námsgögn**

Bækur eftir valda höfunda, þjóðsögur, ýmsar ljóðabækur og ljóða- og söngtextar.

## **Málfræði**

### **Markmið**

Að nemendur þjálfist í að

- raða orðum í stafrófsröð
- þekkja hugtökin bókstafur, orð, setning og málsgrein
- nota orðabók
- greina á milli sérhljóða og samhljóða
- vinna með samsett orð
- greina samheiti, andheiti, sérnöfn, samnöfn, nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
- finna eintölu og fleirtölu orða
- fallbeygja orð.

### **Efnisþættir/leiðir**

Nemendur vinna samkvæmt áætlun í vinnubækur sínar. Þar eru fjölbreytt verkefni sem reyna á misjafna þætti málfræðinnar. Nemendur læra að nota orðabækur til að öðlast meiri skilning á málinu.

### **Námsefni**

*Ritrún 3, Ás og Tvistur, Lesrún* en auk þess eru notuð ýmis fjölrítuð hefti, orðabækur og tölvuforrit eftir getu hvers og eins.

## **Stærðfræði**

### **Meginmarkmið**

Markmið með stærðfræðikennslu er annars vegar að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem nýtist nemendum í námi og daglegu lífi og hins vegar að efla vitsmunaproska þeirra.

### **Námsmat**

Kannanir eru lagðar fyrir þegar ákveðnum áföngum er náð. Einnig fer fram símat allan veturinn.

## Markmið

Að nemendur

- lesi texta um stærðfræðileg viðfangsefni og skilji um hvað hann fjallar
- útskýri fyrir öðrum hvernig þeir leysi verkefni
- vinni með öðrum að lausn þrauta, ræði um og prófi mismunandi lausnaleyðir
- búi til eigin þrautir sem tengjast skólastarfinu eða daglegu lífi
- skoði form í nánasta umhverfi
- áætli hvað vörur kosta, reikni út og borgi og meti hvort rétt sé gefið til baka t.d. með búðarleik
- þjálfist í að lesa á tölvuklukku og klukku með skífu
- leggi mat á hvaða mælieiningar eru heppilegar til að mæla tiltekna hluti

## Efnisþættir

- Aðgerðaskilningur
- eigin reiknirit
- flatarmál
- flokkun
- formskoðun
- frádráttur
- greining
- hitamælingar
- hugareikningur
- lengdarmælingar
- lestur ritmynda
- margföldun
- mynstur
- raðtölur
- rannsóknir
- rúmmáls mælingar
- rökhugsun
- samlagning
- samsetning talna
- skráning
- sléttar tölur - oddatölur
- speglun
- súlurit
- sætiskerfið - tugakerfið

- talnalestur
- talnaskilningur
- talning
- tímamælingar
- tími
- töflulestur
- tölurnar 0 -1000
- úrvinnsla
- verðgildi
- þrautalausnir
- þyngdarmælingar

## Námsgögn

Notaðar verða bækurnar, *Sproti 3a* og *Sproti 3b*, bókaflokkurinn *Viltu reyna* og *Við stefnum á deilingu* auk annarra ljósritaðra hefta. Notuð eru hjálpartæki s.s. einingakubbar, talnagrindur, vasareiknar, málbönd, speglar, mæliglös, kennslupeningar, teningar og margt fleira.

## Leiðir

Nýtt efni er kynnt fyrir öllum hópnum. Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í litlum hópum. Lögð er áhersla á fjölbreytt vinnubrögð og að nemendur ræði saman um úrlausnir og geti rökstutt þær munnlega, skriflega, á myndrænan eða hlutbundinn hátt. Skilningur dýpkaður með ýmsum hjálpargögnum.

## Náttúrufræði

### Meginmarkmið

- að viðhalda og efla forvitni og áhuga nemenda á umhverfi sínu og fyrirbærum náttúrunnar
- að byggja upp þekkingu og vinnulag og stuðla að því að nemendur umgangist náttúruna af ábyrgð og virðingu.

### Námsmat

Verkefni nemenda metin með tilliti til virkni, vinnubragða, áhuga, sjálfstæði og samvinnu.

### Markmið

Að nemendur

- skilji algengustu veðurtákn sem notuð eru í veðurlýsingum og ræði um hvaða

hlutverki veðurspár gegna í íslensku samfélagi

- átti sig á að það eru bæði innræn öfl (eldvirkni) og útræn öfl (rof) sem móta landið og skapa fjöllin
- velti fyrir sér hvernig umhverfið hefur haft áhrif á fólk, mótað líf þess og veitt innblástur til listsköpunar
- geri sér grein fyrir því sem einkennir lifandi verur og greinir þær frá lífvana hlutum
- geri sér grein fyrir því að allar lífverur þurfa vatn, loft, fæðu og búsvæði til að lifa
- geri athuganir á því hvernig eiginleikar ákveðinnar lífveru henta í því umhverfi sem hún býr í
- kanni eigin lífsvenjur og meti hvort þörf breytinga á mataræði, svefni, hreinlæti og umgengni
- átti sig á að allt í umhverfi og náttúru er hvað öðru háð, hvergi er í raun upphaf eða endir frekar en í hringformi.

## **Efnisþættir**

- Leit
- leikur
- upplifun
- spurningar
- umræður
- vettvangskannanir
- ákveðin ferli og fyrirbæri í nánasta umhverfi
- algeng hugtök og ákveðin vinnubrögð
- sköpun – dagatal

## **Námsefni**

Notast verður við bækur úr bókaflokknum *Komdu og skoðaðu himingeiminn, fjöllin og hafíð* ásamt ýmsum handbókum tengdum viðfangsefni hverju sinni.

## **Leiðir**

Unnið verður með ofangreind markmið á fjölbreyttan hátt með umræðum, athugunum, tilraunum, útikennslu, vettvangskönnunum, lestri og skoðun bóka. Nemendur vinna einstaklingslega eða í hópum.

# Samfélagsfræði

## Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki og virði reglur í samskiptum manna í leik og starfi
- verði meðvitaðir um rétt sinn og skyldur í samfélaginu
- beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- komi vel fram við dýrin
- gangi vel um náttúruna
- fái innsýn í hvernig samfélagið breytist í tímans rás.

## Námsmat

Verkefni nemenda metin með tilliti til virkni, vinnubragða, áhuga, sjálfstæði og samvinnu.

## Markmið

Að nemendur

- geri sér ljóst að sérhvert samfélag setur sér lög og reglur
- þekki umferðarreglur
- þekki og kanni sitt nánasta umhverfi
- viti að í náttúrunni er í raun ekkert rusl, úrgangur frá einni lífveru er hráefni fyrir aðra
- viti að fólk verður að temja sér að lifa í samræmi við hringrásir náttúrunnar og t.d. endurnýta og endurvinna hluti
- viti að plöntur eru undirstaða lífs á jörðu og veita dýrum og mönnum bæði fæðu og súrefni
- fái áhuga á eigin umhverfi og að hjá þeim kvikni löngun til að afla sér upplýsinga um fjöllin sem eru hluti af þeirra eigin umhverfi.

## Efnisþættir/leiðir

- Unnið verður á fjölbreyttan hátt, s.s. með útikennslu, vettvangsferðum og verkefnum sem reyna á ólík tjáningarform, s.s. skrifleg verkefni, munnlegur flutningur (salur), umræður, leikræn tjáning, söngur, föndur, skoðun bóka og mynda, myndbönd og leiksýningar. Vinna nemenda er ýmist einstaklingsvinna eða hópverkefni.
- Umferðarverkefni meðal annars á vef Umferðarstofu

## Námsefni

Notað verður námsefnið *Komdu og skoðaðu fjöllin, hafið og himingeiminn*. Farið



verður í vettvangsferðir tengdar viðfangsefni, landabréfabækur skoðaðar auk annarra uppflettirita.

## Enska

### Markmið

Að nemendur

- þjálfist í að skilja einfalt mál, skilji efni á diskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni og lestexta
- geti fylgt ýmsum barnatextum, s.s. þulum, rími og ljóðum
- geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt og tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum sem unnið er með
- geti skrifað eftir fyrirmyndum orð um kunnuglegt efni

### Námsmat

Virkni og ástundun er metin jafnóðum.

### Efnisþættir

Helstu efnisþættir eru: kveðjur, tölur, litir, föt, fjölskyldan, líkaminn, dýrin, ávextir, veðrið og hátíðir.

**Námsefni** Verkefnasafnið *Right on* er vinnubók og hlustunarefni. *Adventure island of English Words* eru þemablöð. Einnig notað fjölritað efni s.s. krossgátur og þrautir, léttlestrarbækur ásamt verkefnum úr þeim.

### Leiðir

Til að þjálfra skilning og framburð eru notað hlustunarefni sem hefur að geyma talað mál og söngva. Frekari leikni æfð með ýmsum leikjum og fyrirspurnum. Ritun er þjálfuð í verkefnasafni *Right on* og *Adventure island of English Words* og með ýmsum öðrum verkefnum.

## Heimilisfræði

### Markmið

Að nemendur

- þekki algengustu fæðutegundir

- geti raðað fæðutegundum í fæðuhring
- geri sér grein fyrir mikilvægi reglubundinna máltíða og nestis
- viti um samspil mataræðis og góðrar tannheilsu
- viti að mikilvægt er að borða hollan mat
- viti hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld, svefn)
- hafi tileinkað sér eldhúsreglurnar (hreinklæti, kurteisi, tillitssemi, aðgát, samvinna og agi í skólaeldhúsinu).

## Námsmat

Símat á virkni og vinnusemi auk mats á verklegum og skriflegum þáttum.

## Efnisþættir

Eldhúsreglur, mikilvægi og tengsl hollrar fæðu og heilbrigðis, hreinklæti við eldhússtörfín, fæðuflokkarnir og uppruni fæðuefnanna, mál og vog og tannvernd.

## Námsgögn

*Hollt og gott*, 2. hefti fyrir 3. bekk. Hráefni s.s. ávextir, grænmeti og mjólk og efni til baksturs.

## Leiðir

Sýnikennsla og innlögn. Verkefni eru bæði verkleg og skrifleg. Nemendur vinna oftast tveir og tveir saman að verklegum verkefnum en fleiri ef um stærri verkefni er að ræða. Hver hópur ber ábyrgð á frágangi á sínu vinnusvæði. Tveir nemendur fara í eftirlitsferð um kennslueldhúsið í lok hvers tíma og skrá ástand vinnusvæðanna.

## Íþróttir

### Meginmarkmið

Að nemendur

- tileinki sér orðaforða og hugtök sem tengjast íþróttum, líkams- og heilsurækt
- kunni reglur sem eru viðhafðar í leikfimisal og búningsklefa
- læri að þekkja líkama sinn og umgangast hann af virðingu
- þroski ákveðna hreyfifærni.

### Námsmat

Ástundun, virkni, hegðun, áhugi og framfarir í tímum er metið.

## Markmið

Að nemendur

- efli líkamlegan þroska og afkastagetu
- efli líkamsvitund og fræðist um heilsusamlegt lífni
- þroski hæfileika sína til tjáningar og sköpunar
- öðlist og efli hjá sér félagsþroska og samskiptahæfni
- fá aukið sjálfstraust og viljastyrk
- læri rétta líkamsbeitingu
- auki þor, kraft, liðleika og áræði
- læri að leika sér úti
- kynnist sem flestum íþróttagreinum og finni hreyfingu við hæfi
- læri að sýna öllum virðingu.

## Efnisþættir

Smáleikir – hreyfitjáning – grunnþjálfun – boltaleikir – fimleikar – spaðaiþróttir – frjálsar íþróttir – heilsuvernd.

## Námsgögn

Íþróttasalur með föstum áhöldum: mörk, körfur, rimlar, fimleikahringir og kaðlar.

Ýmsar tegundir af boltum: fót-, körfu-, hand-, blak-, skot-, tennis- og bandýboltar, golfboltar.

Dýnur, hestar, kubbar, stökkbretti, trampólin, badmintonspaðar, mini- tennisspaðar, teppaflísar, plastkeilur, sippubönd, húllahringir, spilateningar, hjólabretti, dósastultur, hopp-boltar, baunapokar, blöðrur, frisbee-diskar úr svampi, gúmmíhringir, bandýsett og hljómflutningstæki.

## Leiðir

Bein kennsla, sýnikennsla, sköpun, leikir, hreyfing, tónlist, þrautalausnir, hópvinna, sjálfstæð vinna. Reynt er að skapa jákvætt og skemmtilegt andrúmsloft í hópnum.

## Lífsleikni

### Meginmarkmið

- að þjálfar nemendur í innlifun, svo að þeir geti sett sig í spor annarra og sýnt öðrum kurteisi og tillitssemi
- að minnka líkurnar á hegðun sem einkennist af skyndilegum hugdettum, skyndihvötum, hugsunarleysi, frekju og yfirgangi

## Námsmat

Fylgst með virkni og þátttöku nemenda

## Markmið

Að nemendur geti

- viðurkennt tilfinningar annarra
- sett sig í spor annarra
- sýnt öðrum tillitssemi
- leyst deilur og árekstra á skipulegan hátt
- eftt félagsfærni
- notað slökunartækni til að hafa hemil á sjálfum sér
- farið eftir reglum
- samglaðst með öðrum
- skilið að óskir og þarfir fólks geta verið mismunandi

## Efnisþættir

- Innlifun, tilfinningar
- að leysa úr vanda
- stjórn skyndihvata
- sjálfsstjórn
- brúðuleikrit
- söngvar

## Leiðir

Umræður og verkefnavinna þar sem notað verður námsefnið *Samvera* og einnig unnið með *Uppeldi til ábyrgðar* og eineltishringinn til að koma í veg fyrir einelti.

## Umhverfismennt

### Meginmarkmið

Að nemendur

- upplifi náttúruna og nánasta umhverfi sitt á jákvæðan hátt
- verði meðvitaðir um þau áhrif sem þeir geta haft á náttúruna
- temji sér rétta umgengni við náttúru landsins
- geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspili við hana.

## **Markmið**

Að nemendur

- sýni áhuga og ábyrgð á nánasta umhverfi
- flokki úrgang og skilji mikilvægi flokkunar
- beri virðingu fyrir náttúru og umhverfi
- skoði lífríkið í nánasta umhverfi
- fari í vettvangsferðir
- þekki nokkra fiska t.d. ýsu, lax, þorsk o.fl.
- þekki nokkur af merkustu fjöllum landsins, t.d. Heklu, Herðubreið, Esju og Skjaldbreið.

## **Námsmat**

Áhugi, virkni, samvinna og vinnubrögð metin.

## **Námsefni**

*Komdu og skoðaðu umhverfið*, veraldarvefurinn, ýmis uppflettirit og verkefni sem kennari útbýr.

## **Leiðir**

Umræður, vettvangsferðir, athuganir, tilraunir, útikennsla, lestur og skoðun bóka. Nemendur vinna í hópum eða einstaklingslega.

# **Upplýsinga- og tæknimennt**

## **Tæknilæsi, upplýsingalæsi og menningarlæsi**

### **Meginmarkmið í 1.-4. bekk**

- að gera nemendur eins vel læsa í víðum skilningi og kostur er bæði á texta og töluleg gögn, þjálfar nemendur í gagnrýnni hugsun og tryggja grunnþekkingu á sviði tæknifærni og miðlunar
- að líta á upplýsinga – og tæknimennt sem eitt námssvið í þverfaglegri samvinnu við önnur námssvið eða –greinar.

## **Námsmat**

Umsögn byggð á símati er gefin í lok annar.

## Tæknilæsi

### Markmið

Að nemendur

- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunnar
- þjálfist í að nota rétta fingrasetningu og líkamsbeitingu
- geri greinarmun á kennsluforritum og leikjum
- geti sótt efni á vef skólans og Neti
- kunni að nota ákveðna sérlykla á lyklaborði sem notaðir eru í staðinn fyrir mús, s.s. færsluhapp, örvalykla og lykla til að opna og loka forritum.

### Leiðir

Nemendur vinna í tölvuveri. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu og vinnu að heildstæðum verkefnum og að tengja þau áhugasviði og hæfni hvers og eins.

## Upplýsinga- og menningarlæsi

### Markmið

Að nemendur

- læri grunnatriði um uppröðun skáldrita
- þekki hlutverk einstakra hluta bókar, s.s. bókarkápu, kjalar, titilblaðs, efnisyfirlit og atriðisorðaskrár
- geti leitað eftir efnisyfirliti og atriðisorðaskrá
- kunni að nota orðabækur
- geti leitað eftir efnisorðum á Interneti
- geti fundið lykilorð í texta og endursagt aðalatriði
- læri grunnatriði í heimildarvinnu; það felur í sér að nemandi geti
  - mótað spurningar út frá efni
  - nálgast þau gögn sem þarf að nota
  - aflað heimilda, flokkað, greint og varðveitt á skipulegan hátt
  - unnið úr upplýsingum og raðað saman eftir efni þannig að það myndi eina heild
  - gert grein fyrir niðurstöðum sínum
  - skráð heimildir
- þekki mismunandi tegundir bókmennta, s.s. ævintýri, þjóðsögur, ljóð, þulur, myndabækur, skáldsögur og teiknimyndasögur
- hafi kynnst íslenskum og erlendum barnabókahöfundum og verkum þeirra
- hafi reglulega fengið lánaðar bækur og önnur gögn á skólasafninu

- taki þátt í lifandi dögum á skólasafni, s.s. bangsadegi og fleiri tilfallandi uppákomum.

## **Leiðir**

Nemendur vinna verkefni á skólasafni undir stjórn umsjónarkennara í samvinnu við safnkennara. Einnig er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu og vinnu að heildstæðum verkefnum og að tengja þau áhugasviði og hæfni hvers og eins.

## **Útikennsla**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur læri að njóta nánasta umhverfis og öðlist virðingu fyrir náttúrunni, þekki, skilji og skynji raunveruleikann í náttúrunni og tengi við almennt nám, efla þekkingu sína, þjálfri samvinnu, geri rannsóknir og afli gagna á vettvangi.

### **Markmið**

Að nemendur

- læri að útbúa sig við hæfi miðað við veður og árstíma
- læri reglur um útikennslu
- læri að vera saman í mismunandi stórum hópum og bera ábyrgð á sjálfum sér og hópnum í heild
- semji sögur og ljóð tengd náttúrunni og umhverfinu
- þjálfri orðflokkanana með því að flokka orð í náttúrunni
- finni orð í umhverfinu, t.d. samheiti, andheiti, sérnöfn, samnöfn, nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
- safni efnivið í náttúrunni, flokki, æfi speglun, flatarmáls mælingar, lengdarmælingar, þyngdarmælingar, hitamælingar, formskoðun og geri ýmiss konar rannsóknir
- geri veðurathuganir og skrái niðurstöður yfir ákveðið tímabil
- greini og skoði algengar plöntur, safni, skrái, greini, teikni og þurrki
- skoði nánasta umhverfi skólans – geri athuganir
- beri virðingu fyrir lífríkinu, klippi sýnishorn en rífi ekki upp með rótum
- geri sér grein fyrir hvaða þættir eru lífsnauðsynlegir öllum lífverum.

### **Efnisþættir/leiðir**

Hlusta, upplifa og njóta, fara í alls konar leiki. Skólalóð hreinsuð að hausti og vori. Hlusta á þjóðsögur eða ævintýri, annað hvort í útikennslunni sjálfri eða áður en farið er og athuga hvort hægt sé að tengja við ákveðin svæði sem farið er á. Nemendur vinna einstaklingslega eða í hópum.

# Trúarbragðafraeði

## Meginmarkmið

Að nemendur fræðist um kristna trú og temji sér samskiptareglur sem byggjast á kristinni siðfræði, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, virðingu fyrir mannréttindum og helgi mannlegs lífs.

## Námsmat

Verkefni sem nemendur vinna eru metin af kennara. Er þá lögð sérstök áhersla á vönduð vinnubrögð og að allur frágangur sé til fyrirmyndar.

## Markmið

Að nemendur

- efli trúarlegan, siðferðilegan og félagslegan þroska sinn
- temji sér virðingu fyrir náttúrunni og ábyrgð gagnvart öllu lífi og umhverfi
- geri sér grein fyrir réttindum sínum, skyldum og ábyrgð í samskiptum við aðra og samfélagið í heild

## Efnisþættir

- Að trúa og treysta
- friður og sátt – sættir og fyrirgefning
- valdabarátta og svik
- öfund
- mont – hatur
- hjálpssemi
- kærleikur.

## Leiðir

Texti lesinn – umræður og verkefni unnin út frá texta, ýmist skriflega, munnlega, myndrænt eða á leikrænan hátt. Stuðst verður við námsbókina *Stjarnan*.

# Myndmennt

## Markmið

Að nemendur

- fái útrás fyrir sköpunarþörf og sköpunargleði



- fái aukna möguleika á að kynnst, skilja og njóta myndlistar
- kynnist hugtökum tengdum greininni og tengi við aðrar námsgreinar, t.d. grunnform, speglun, hliðrun o.s.frv.
- vinni í hópi að búa til sameiginlega mynd fyrir skólann sinn
- fái tækifæri til að ræða um listsköpun, bæði eigin og annarra (þjálfari gagnrýna hugsun)
- kynnist og noti mismunandi efnivið
- temji sér vönduð vinnubrögð.

## **Námsmat**

Námsmatið byggist á símati þar sem virkni, vinnubrögð, frágangur og hegðun er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess eru einstök verkefni metin.

## **Efnisþættir**

- Litafræði
- málun
- þrívíð vinna í pappamassa
- leirmótun
- teikning
- myndbygging

## **Námsgögn**

Blýantur, pappír, karton, þekjultitir, vatnslitir, vaxlitir, túss, jarðleir, grafíklitir og áhöld ásamt öðru sem tilheyrir verkefnunum hverju sinni.

## **Leiðir**

Verkefni útskýrð og vinnubrögð kynnt ásamt listamanni sem þekktur er fyrir að nota viðkomandi vinnubrögð. Síðan tekur við einstaklings- eða hópvinna. Nemendur bera ábyrgð á vinnu sinni og verða því að fylgjast vel með. Stuðlað er að jákvæðu andrúmslofti í tímum, nemendur hvattir til sjálfstæðrar sköpunar og reynt að byggja upp hjá þeim jákvæða gagnrýni jafnt á eigin verk sem annarra.

## **Sund**

### **Markmið**

Nemendur eru að æfa fyrir ákveðið sundstig og miðast kennslan út frá því hvaða sundstig hver og einn er að taka. Mikil áhersla er lögð á að ná góðri og réttri tækni og að sund sé skemmtileg og góð alhliða hreyfing. Nemendur fá einnig að kynnst

ýmsum leikjum í vatni og læra af leik. Kennsla fer fram í innilauginni í Laugardalnum sem er 25 m laug, en yngstu nemendurnir fá minna svæði. Nemendur þurfa sjálfir að koma með sundgleraugu ef þeir vilja nota þau við námið.

### **Námsmarkmið**

Nemendur

- taki þátt í fjölbreyttum undirbúningsæfingum sem leggja grunn að bringusundi, baksundi, skriðsundi og skólabaksundi.
- þjálfist í samvinnu, sýna tillitsemi gagnvart öðrum nemendum og kennara.

### **Hæfniviðmið**

- 12 metra bringusund
- 12 metra skólabaksund
- 10 metra skriðsundsfótatök, andlit í kafi og armar fram
- 12 metra baksund með/án hjálpartækja
- kafa í gegnum hring
- kafa eftir hlut eftir 2 m kafsund.

### **Námsmat**

Það sem metið er:

- Hegðun og framkoma (við starfsfólk sem og gesti sundlaugar)
- sundstigin
- umgengni á sundstað bæði ofan í lauginni og einnig í búningsklefum og biðstofu
- virkni og áhugi í tímum.

## **Textílmennt**

### **Markmið**

Að nemendur

- öðlist færni í að klippa út form
- geri tilraunir með að lita, mála og þrykkja
- saumi nokkur einföld útsaumsspor
- þjálfist í að sauma saman tvö stykki með þræðispori
- þjálfist í að vinna með eigin teikningu

- geri sér grein fyrir textílvinnuferli, þ.e hvernig lítil hugmynd verður að fullnum hlut
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- fræðist um mismunandi aðferðir til að ná settu marki
- þjálfist í að meta eigin verk.

## Námsmat

Umsögn byggist á getu og kunnáttu nemenda. Einnig eru hafðir í huga þættir eins og framfarir, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögð og samstarfshæfni.

## Efnisþættir

- mynsturgerð
- klipp
- einfaldur útsaumur
- þrykk
- þæfing

## Námsgögn

Garn, ull, efni, pappír, penslar, litir, tölur, perlur, nálar og fleira.

## Leiðir

Einstaklingskennsla, hópkenndsla þar sem hún á við og verkleg vinna.

## Tónmennt

### Markmið

Að nemendur

- flytji tónlist, lög og stef eftir minni, heyrn og nótnatáknum
- geti sungið fjölbreytt lög, m.a. einföld keðjusöngslög sem gera vaxandi kröfur til söngs, tækni og túlkunar
- þjálfist í að koma fram og flytja eigin verk og annarra, bæði söngverk og hljóðfæratónlist.

### Námsefni

*Syngjandi skóli, Það var lagið, sönglög á glærum, tónlist af geisladiskum og*

Netinu.

## **Leiðir**

Unnin verða hópverkefni sem kalla á sköpun og flutning tónlistar. Hlustað verður á tónlist og dansað, ýmis hlustunarverkefni verða lögð fyrir nemendur. Nemendur leika á skólahljóðfæri í hópum. Nemendur þjálfast í söng og ná að kynnst möguleikum raddarinnar í gegnum „kall og svar“ með kennara. Nemendur læra söngva eftir heyrn og táknum.

## **Námsmat**

Áhugi, virkni, samvinna og vinnubrögð metin.

# **Hönnun og smíði**

## **Markmið**

Að nemendur

- tileinki sér þær öryggisreglur er gilda í smíðastofunni
- læri að þekkja og nota grunnverkfærin og tileinki sér aðgæslu í umgengni við þau
- geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar umgengni um smíðaverkstæðið og tileinki sér verklag í samræmi við það
- læri að taka tillit til annarra og bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra
- séu hvattir til umhugsunar um umhverfi sitt og styrktir í að móta eigin hugmyndir í efni
- velti fyrir sér hugtakinu lengdarmælingar, hvernig lengd er mæld og hvaða viðmið og gildi liggja þar að baki.

Áhersla á frumkvæði og sköpun, að nemendur leysi sjálfir verkefni á eigin forsendum, læri að nota ólík efni og áhöld, vinni sjálfstætt og geri sér grein fyrir því að manneskjan mótar umhverfi sitt með sköpunarmætti sínum og verkum.

## **Námsgögn og leiðir**

Unnið er með krossvið og búinn til hæðarmælir þar sem reynir á mismunandi þætti eins og frumkvæði, sköpun, sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni.

Dæmi um verkefni: Nemendur smíða og hanna hæðarmæli sem leikfang og eða nytjahlut.

## **Námsmat**

Símat sem felur í sér að kennari metur tvisvar á önn, fjóra þætti í verklagi nemanda:

- hugmyndaauðgi og hönnun
- umgengni og hegðun
- verkfærni og vandvirkni
- iðni og afköst.

Lokaafurð metin felur í sér að kennari metur verkefni nemandans með því að spjalla við hann um fyrrgreind atrið og með því að leggja mat á vinnuskýrslur hans í sambandi við verkefni annarinnar. Í vinnuskýrslum vetrarins metur nemandinn sjálfur þau atriði sem talin eru upp hér að ofan, skilar inn teikningu og verklýsingu af verkefnum annarinnar og metur endanlega niðurstöðu/útkomu þeirra.